

# Hverfisráð Kelduhverfis

## Fundargerð

6. fundur, haldinn í Árdal mánudaginn 21. Janúar 2019 kl. 20:30. Mættir eru Aðalsteinn Örn Snæpórsson, Guðríður Baldvinsdóttir, Salbjörg Matthíasdóttir og Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir.

### Dagskrá:

1. Unnið úr niðurstöðum íbúafundar

#### **a. Friðun vatnasviðs Jökulsár. Hverfisráð samdi eftirfarandi athugasemdir:**

Á íbúafundir í Kelduhverfi 10. janúar sl. kom engin andstaða fram við friðun Jökulsár á Fjöllum gegn Arnardalsvirkjun og Helmingsvirkjun. Hins vegar kom fram veruleg andstaða við friðun árinna norðan Þjóðveggar 85.

Stafar það af tveim þáttum:

1. Farvegur Jökulsár á þessu svæði er síbreytilegur og landfræðileg staðsetning friðunar ómöguleg.
2. Á svæðinu eru margskonar hagsmunir varðandi nýtingu auðlinda, svo sem hitaveita, fiskeldi, ræktun, landgræðsla og stangveiði.

Ef af friðlýsingu norðan Þjóðveggar 85 verður, þá er mikilvægt að skýrt verði tekið fram í texta friðlýsingar að einungis sé verið að friða gegn vatnsaflsvirkjunum 10Mw eða stærri. Hafa íbúar áhyggjur af því að tillagan sem nú liggur fyrir geti skert nýtingu svæðisins enda má skilja texta tillögunnar þannig, sbr 2. og 4.gr tillögu að friðlýsingu. Nauðsynlegt er að aðrar nytjar takmarkist ekki af þessari friðlýsingu né möguleikar á að bregðast skjótt við ef áin byltir sér og stýra henni til að lágmarka tjón á landi og mannvirkjum.

Formanni hverfisráðs falið að senda athugasemdirnar til Umhverfisstofnunar

#### **b. Sameining ungmennafélaga**

Ákveðið var að senda hverfisráði Öxarfjarðar bréf þar sem óskað er eftir að hverfisráðið kanni hug ungmennafélaga á sínu svæði til sameiningar.

#### **c. Neysluvatnsmál**

Ákveðið var að senda Orkuveitu Húsavíkur erindi um að gera úttekt á stöðu neysluvatnsmála í Kelduhverfi öllu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:20

Matthías Snæpórsson  
Sigurfljóð Sveinbjörnsdóttir

Salbjörg Matthíasdóttir  
Guðríður Baldvinsdóttir